

STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

Ár 2017, Föstudaginn 28. apríl 2017 var haldinn 264. fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11.00. Mætt voru Heiða Björg Hilmisdóttir stjórnarformaður sem tók sæti undir lið 2, Guðlaug Kristjánsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Bryndís Haraldsdóttir, sem tók sæti undir lið 5, Sigrún Edda Jónsdóttir og Sverrir Óskarsson. Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð og Ástríður Þórðardóttir, sviðsstjóri fjármála og reksturs, sem yfirgaf fundinn undir lið 5.

Dagskrá fundar:

1. Orkuskipti í almenningssamgöngum.
2. Innri endurskoðun
3. Stefnur Strætó
4. Markmið í umhverfis- og öryggismálum 2017
5. Leiðakerfismál
 - a. Erindi frá borgarráði Reykjavíkurborgar varðandi kvöld og næturakstur
 - b. Leiðakerfisbreytingar í Kópavogi
6. Önnur mál

Petta gerðist:

1. Fram fer kynning á niðurstöðum úr skýrslu sem Mannvit vann fyrir Strætó að beiðni stjórnar um orkuskipti í almenningssamgöngum. Stjórn samþykkir að skýrslan verði gerð opinber og sett á heimasíðu Strætó.
2. Fram fer kynning á skýrslu innri endurskoðunar Strætó fyrir stjórn. Lagt fram bréf endurskoðunarnefndar til stjórnar Strætó varðandi niðurstöðu skýrslu innri endurskoðenda. Farið var í gegnum viðbrögð stjórnenda Strætó við skýrslunni. Stjórn samþykkir viðbrögð stjórnenda Strætó og felur stjórnendum að bregðast við umræddum ábendingum.

Hallur Símonarson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Fram fer umræða um þjónustustefnu Strætó sem lögð var fram á fundi stjórnar 7. apríl sl. ásamt öðrum gildandi stefnu í starfsemi Strætó sem allar eru aðgengilegar á heimasíðu Strætó. Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að nýrri þjónustustefnu og að hún verði gefin út og sett á heimasíðu Strætó.
4. Lagt fram yfirlit yfir stöðu í umhverfis- og öryggismálum 2016 sem birtar eru í ársskýrslu Strætó, sem kom út í mars 2017. Niðurstöðurnar 2016 eru í heildina litið jákvæðar þó alltaf megi gera betur. Lögð fram tillaga framkvæmdastjóra að nýjum markmiðum Strætó í umhverfis- og öryggismálum fyrir árið 2017. Samþykkt.
5. Leiðakerfismál
 - a) Stjórn Strætó felur framkvæmdastjóra að senda bæjarráðum aðildarsveitarfélaga Strætó bréf og óska eftir formlegu svari um áhuga sveitarfélaganna á að lengja þjónustutíma á kvöldin og næturakstri, saman eða í sithvoru lagi. Til er gróft kostnaðarmat á hugmyndirnar sem sent verður með erindinu ásamt erindi frá borgarráði Reykjavíkurborgar til stjórnar Strætó vegna kvöld- og næturaksturs.
 - b) Umræður um leiðakerfisbreytingar í Kópavogi. Frekari umræðu frestað til næsta stjórnarfundar.
6. Önnur mál
 - a) Bókað í trúnaðarbók

Fundi slitið kl. 13.15

Fylgiskjöl:

- Orkuskipti í almenningssamgöngum
- Erindi frá borgarráði Reykjavíkurborgar varðandi kvöld- og næturakstur
- Greinargerð til endurskoðunarnefndar, innri endurskoðun 2017, apríl 2017
- Þjónustustefna Strætó, apríl 2017

Heiða Björg Hilmisdóttir

Gunnar Valur Gíslason
Sverrir Óskarsson
Sigrún Edda Jónsdóttir

Guðlaug Kristjánsdóttir
Bryndís Haraldsdóttir